

## Fundargerð

150. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 6. febrúar n.k., kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

#### 2. Fráveituframkvæmdir á Akureyri, framkvæmdir og sýnatökur.

Skýrt var frá framkvæmdum Akureyrarbæjar fyrir s.l. jól þar sem lögð var út ný 90 metra löng fráveitulögn út á 9 metra dýpi framundan Sandgerðisbót og sýndar myndir af vettvangi.

Kynntar voru niðurstöður sjómælinga við strandlengju Akureyrarbæjar dags. 30. jan. s.l. Niðurstöður gefa vísbendingar um nokkuð betri upphafsþynningu skólps en áður. Engu að síður eru gerlatölur of háar. Mæligildin sýna einnig slæmt frávik inn á Polli og það tengist rekstrarvanda í dælustöð við Hafnarstræti. Fyrirhugað er að gera frekari gerlamælingar í samstarfi við Akureyrarbæ. Heilbrigðisnefnd hvetur Akureyrarbæ til að ljúka framkvæmdum við fyrirhugaða 500 metra skólplögn út á 40 metra dýpi sem fyrst og kallar hér með eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráveitu Akureyrarbæjar.

#### 3. Framsalssamningar um matvælaeftirlit, staða mála.

Verkaskipting matvælaeftirlits milli Matvælastofnunar (MAST) og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) er að skýrast og MAST fyrirhugar að senda þeim fyrirtækjum sem voru á lista skv. samningi um framsal eftirlits erindi um hvernig eftirliti verður háttað eftir uppsögn MAST á framsalssamningum. Meginreglan er að smásölufyrirtæki á matvælasviði eru undir eftirliti heilbrigðisnefndar og heilðsölufyrirtæki á matvælasviði eru undir eftirliti MAST. Þannig eru t.d. reykhus sem verka og reykja silung eða lax og selja sína vöru á staðnum eða í netsölu skilgreindir sem smásalar og undir eftirliti HES. Ef slíku reykhusi vex fiskur um hrygg og ákveður að dreifa sinni vöru í matvöruverslanir, þá er fyrirtækið skilgreint sem heilðsali og færist þá undir eftirlit MAST. Framleiðslumagn viðkomandi fyrirtækis og hlutfall framleiðslu sem fer í heilðsöldreifingu kemur einnig til álita og framleiðslumagn hefur sömuleiðis áhrif á hversu miklar kröfur eru gerðar um aðbúnað og innra eftirlit.

#### 4. Notkun á nýjum gagnagrunni og samstarf við Umhverfisstofnun.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur tekið í notkun gagnaskráningakerfi Umhverfisstofnunar (UST) og hefur notið aðstoðar UST við að aðlaga og virkja kerfið. Kerfið auðveldar starfsmönnum að skrá gögn með samræmdum hætti og auðveldar úrvinnslu gagna (svokallaður venslaður gagnagrunnur á “Filemaker” grunni). Samstarf við UST vegna þessa hefur verið gott og ánægjulegt.

#### 5. Umsögn vegna skipulags- og matskýrslu vegna deiliskipulags sörpurðunarstaðar við Kópasker.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra var kynnt; ekki eru gerðar athugasemdir við þær forsendur og vinnuferli sem liggur fyrir. Hafsteinn H. Gunnarsson tók ekki þátt í umræðu undir þessum þessum lið vegna tengsla við málið.

## 6. Umsögn vegna urðunarsvæðis á Bakkafirði.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (HNE) var kynnt og vakin athygli á villu í texta varðandi verkaskiptingu; það er Umhverfisstofnun sem gefur út starfsleyfi fyrir urðunarstaði og fer jafnframt með vöktun og eftirlit með slíkum stöðum; en ekki heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Hafsteinn H. Gunnarsson tók ekki þátt í umræðu undir þessum lið vegna tengsla við málið.

## 7. Umsögn varðandi viðbyggingu við Vogafjós í Mývatnssveit.

Umsögn og ábendingar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra varðandi innri skipan var kynnt og einnig var rætt um mikilvægi þess að Vogafjós leiti umsagnar Matvælastofnunar vegna skipulags á mjólkurhúsi og ostagerðarrými og afli sér starfsleyfis vegna ostagerðar og annarar úrvinnslu landbúnaðarafurða.

## 8. Drög að starfsleyfistillögu fyrir Fiskeldið Haukamýri ehf; ósk um umsögn.

Fram kom að í starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar eru gerðar auknar kröfur um fyrirkomulag fráveitu og mengunarvarna. Nokkur umræða varð um mikilvægi þess að hliðstæð fyrirtæki búi við hliðstæðar kröfur (jafnræðisregla) og einnig var rætt um mikilvægi þess að aukinn kostnaður vegna mengunarvarna verði að hafa sannanlega umhverfisbætandi áhrif.

## 9. Orkey / Möl og Sandur; staða mála við Súluveg varðandi mörbræðslu og fráveitumál.

Fjallað var um mörbræðslu Orkeyjar ehf. í húsnaði Malar og sands við Súluveg á Akureyri og stöðu mála varðandi rangtengingar á fráveitu frá húsinu. Heilbrigðisfulltrúum er falið að knýja á um úrbætur og fylgja málinu eftir.

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Í lit, kt. 541108-1220, Ráðhúsi, 2. hæð, 620 Dalvík, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á snyrtistofu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
2. Dalvíkurbyggð, kt. 620598-2089, umsókn um starfsleyfi fyrir sambýli með sólarhringsþjónustu að Skógarhólum 23 a, 620 Dalvík. **Samþykkt.**
3. Stígur ehf, kt. 530810-0700, Skólastíg 4, 600 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir sjúkraþjálfun. **Samþykkt.**
4. Líkami og lífsstíll ehf, kt. 430605-1190, Verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð, 603 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir verslun með fæðubótarefni. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
5. Orkey ehf., kt. 440507-0690, Súluvegi, 600 Akureyri Umsókn um starfsleyfi fyrir mörbræðslu vegna lífdísselframleiðslu.

**Umsókn um starfsleyfi er hafnað á þeim forsendum að hvorki liggur fyrir byggingaleyfi frá byggingafulltrúa né áætlun um mengunarvarnir; auk þess sem fráveita frá húsnaðinu er ófullnægjandi. Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fyrirhugar að veita fyrirtækinu áminningu og**

**tilhlýðilegan frest til úrbóta í samræmi við 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.**

6. Útgerðarfélag Akureyringa ehf., kt. 500209-0620, Fiskitanga, 600 Akureyri. Fiskvinnsla. Umsókn um endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**
7. Samherji hf., kt. 610297-3079, v/ Laufásögðu, 600 Akureyri. Frystigeymsla. Umsókn um endurnýjun starfsleyfis vegna mengunarvarna. **Samþykkt.**
8. Bjarg líkamsrækt, kt. 460900-2980, Bugðusíðu 1, 600 Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
9. Flóki ehf, kt. 550169-7709, Árholti 16, 640 Húsavík, umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir flökun og frystingu á fiski og smásölu. **Samþykkt.** Matvælastofnun hefur svarað fyrirspurn frá fyrirtækinu um samþykkisnúmer (vinnsluleyfisnúmer) á þann hátt að það þurfi ekki slíkt númer þar sem fyrirtækið falli undir 22. gr. laga um matvæli, en þar segir að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna veiti smásölum starfsleyfi sem matvælafyrirtæki og heilbrigðiseftirlitið fari síðan með reglubundið eftirlit með starfsemi.
10. Elín Baldvinsdóttir, kt. 010644-4969, Svartárkoti, Bárðardal, 641 Húsavík, umsókn um starfsleyfi fyrir flökun, reykingu og pökkun á silungi og smásölu. **Samþykkt.**

### Önnur mál

-Kynnt var staða mála er varðar ágreining milli ferðaþjónustu og alifuglaræktar á lögbýli og kynnt var álit frá Skipulagsstofnun þar sem mikilvægi deiliskipulags er áréttað.

-Hafsteinn H. Gunnarsson skyrði frá ákvörðun stjórnar Sorpssamlags Þingeyinga um að hætta rekstri á sorpbrennslustöð á Húsavík frá og með 15. mars n.k.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.45

_____ Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	_____ Alfreð Schiöth
_____ Sigurjón Jóhannesson	_____ Þorkell Björnsson
_____ Birna Jóhannesdóttir	_____ Þórey Agnarsdóttir
_____ Hafsteinn H. Gunnarsson	_____ María Markúsdóttir
_____ Steinn Karlsson	_____ Þórir V. Þórisson
_____ Kristín Halldórsdóttir	